



# FRÉTTABRÉF

## FRÁ SVEITARSTJÓRN

### SVEITARSTJÓRNARFUNDIR

Á fundi nr. 397 var samþykkt að Félag eldri borgara í Hvalfjarðarsveit fengi endurgjaldslaus afnot af íþróttasalnum í Heiðarborg tvo daga í viku yfir sumartímamann 2024. Afnotin voru frá 1. júní til 21. ágúst. Sveitarstjórn áréttaði einnig að Félag eldri borgara hefði áfram aðgang að félagsheimilinu Miðgarði án endurgjalds á virkum dögum.

Á fundi nr. 398 var kynnt að kynjahlutföll í nefndum, ráðum og stjórnnum Hvalfjarðarsveitar eru í samræmi við jafnréttisstefnu sveitarfélagsins, þar sem hlutfall karla er 55% og hlutfall kvenna 45%. Samþykkt var erindisbréf samráðshóps um málefni fatlaðs fólks og sveitarstjórn skipaði þrjá fulltrúa og þrjá til vara í hópinn. Sveitarstjórn samþykkti jafnframt að Marie Greve Rasmussen yrði formaður hópsins.

Á fundi nr. 399 var samþykkt úthlutun styrkja úr Menningarsjóði Hvalfjarðarsveitar fyrir árið 2024. Á sama fundi var samþykkt að leggja göngustíg frá bílaplani við Hallgrímskirkju í Saurbæ niður í fjöru við Hvalfjörð og á 400. fundi var samþykkt að taka lágsta tilboði í verkið, frá Jónasi Guðmundssyni ehf., að fjárhæð kr. 8.765.340 en alls bærust þrjú tilboð í verkið. Á 400. fundi var samþykkt að stofna starfshóp um starfsemi og rekstur hjúkrunarheimilisins Höfða, fulltrúar sveitarfélagsins í hópnum verða Linda Björk Pálsdóttir, sveitarstjóri, og Helgi Pétur Ottesen, sem jafnframt situr í stjórn Höfða.

Þann 5. september sl. var skrifað undir viljayfirlýsingu milli heilbrigðisráðuneytisins, Akraneskaupstaðar og Hvalfjarðarsveitar um stækkun á hjúkrunarheimilinu Höfða. Stefnt er á að fjölga hjúkrunarrýmum um 40%, eða um 29 rými, þannig að þau verði alls 99. Viljayfirlýsingin gerir ráð fyrir að sveitarfélögin sjái um hönnun og byggingu og að ríkissjóður greiði 75% kostnaðar.

Á fundi nr. 402 var samþykkt að skólamáltíðir í Heiðarskóla verði gjaldfrjálsar frá og með ágúst 2024 til 2027. Ríkið mun greiða 75% kostnaðar en sveitarfélagið mun bera kostnaðarmismuninn. Sveitarstjórn samþykkti einnig að lækka gjaldskrár leikskólans Skýjaborgar og Frístundar Heiðarskóla um 3,5% frá 1. ágúst til ársloka 2024.

Á sama fundi var einnig samþykkt að auglýsa deiliskipulagstillögu fyrir Melahverfi 3. áfanga sem gerir ráð fyrir nýrri íbúðabyggð austan við núverandi byggð, með allt að 68 íbúðum.

Markmið deiliskipulagsins er að bjóða upp á fjölbreytta búsetukosti hvað varðar stærð og gerð íbúðarhúsnæðis og mynda sterka þéttbýlisheild. Skipulagssvæðið er um 8,2 ha.

Á fundi nr. 404 var fjallskilaseðill Hvalfjarðarsveitar samþykktur ásamt öðrum málum frá Umhverfis-, skipulags-, náttúruverndar- og landbúnaðarnefnd.

Þá var tilkynnt um niðurstöðu sorphirðuútboðs þar sem lágsta tilboðið kom frá Íslenska gámafélaginu ehf. að fjárhæð kr. 211.916.862 eða 100,51% af kostnaðaráætlun. Sveitarstjórn samþykkti að ganga til samninga við lágstbjóðanda, Íslenska gámafélagið ehf.

Á fundi sveitarstjórnar nr. 405 var samþykkt að styrkja Kvennaathvarfið um 200.000 kr. á árinu 2025.

Ýmis önnur mál, sem ekki er getið hér, hafa einnig verið tekin fyrir, sjá fundargerðir nefnda og sveitarstjórnar [hér](#).





## FARSÆLDARDAGURINN Á VESTURLANDI

Fimmtudaginn 16. maí sl. var blásið til Farsældardags Vesturlands í Hjálmakletti í Borgarnesi. Markmið með viðburðinum var að framlínufólk farsældarmála á Vesturlandi kæmi saman, bæri saman bækur sínar og mótuðu innleiðingu farsældarlaganna í landshlutanum. Um 120 manns komu saman í Hjálmakletti og hlýddu á „fyrirmyndarsögur“ frá sveitarfélögunum, þ.e. hvað hefur tekist vel og hvernig mætti læra enn meira af reynslunni.

Í tilefni af farsældardeginum flutti Ásmundur Einar Daðason, mennta- og barnamálaráðherra, ávarp og notaði tækifærið til að undirrita samning við Pál S. Brynjarsson, framkvæmdastjóra SSV, um nýtt stöðugildi farsældarfulltrúa hjá samtökunum. Vesturland er fyrsti landshlutinn sem undirritaði slíkan samning og er stefnt að ráðningu í starfið nú í haust en umsóknarfrestur er liðinn og ráðningarferli í gangi.

Í lok farsældardagsins kynntu Jónas Ottóson og Jón Arnar Sigurþórsson, lögreglufulltrúar hjá Lögreglustjóranum á Vesturlandi, verkefnið „Öruggara Vesturland“ og var í kjölfarið undirrituð samráðsýfirlýsing rúmlega tuttugu aðila um aðgerðir gegn heimilisofbeldi á Vesturlandi. Auk lögreglustjórans og ríkislögreglustjóra skrifuðu Sýslumaðurinn á Vesturlandi, öll sveitarfélögin í landshlutanum, HVE, mennta- og fjölbrautaskólar á Vesturlandi, Vesturlandsprófastsdæmi, íþróttasamböndin og SSV undir samstarfsýfirlýsinguna.

Farsældardagurinn var hluti af áhersluverkefni Sóknaráætlunar Vesturlands um velferð í landshlutanum en starfshópur fyrir verkefninu var skipaður í lok árs 2023. Sólveig Sigurðardóttir, farsældarfulltrúi Akraneskaupstaðar, Hlökkver I. Gunnarsson, sviðstjóri fjölskyldu- og frístundasviðs Borgarbyggðar og Erla Björg Kristjánsdóttir, félagsmálastjóri Borgarbyggðar, önnuðust faglegt skipulag farsældardagsins og leitað var liðsinnis KPMG um framkvæmd og utanumhald dagsins. Verkefnastjóri hjá SSV voru Páll S. Brynjarsson, framkvæmdarstjóri og Sigursteinn Sigurðsson, menningar- og velferðarfulltrúi.

## HÁTÍÐARHÖLD 17. JÚNÍ Í HVALFJARÐARSVEIT

Hátíðarhöld á 17. júní fóru fram í Heiðarskóla. Ræðumaður dagsins var Andrea Ýr Arnarsdóttir, oddviti sveitarstjórnar í Hvalfjarðarsveit og fjallkona var Eyrún Jóna Reynisdóttir sem flutti ljóðið "Íslands æviskeið" eftir Ingunni Snædal.

Kór Saurbæjarprestakalls söng nokkur lög, Ásta Marý og Heiðmar glöddu gesti með tónlist sinni og leiklistarhópurinn Melló skemmti með lögum úr Grease. Lára og Ljónsi skyldu börnin eftir með bros á vör. Félagar úr Hestamannafélaginu Dreyra teymdu hesta undir þá sem vildu og boðið var upp á grillaðar pylsur, kaffi og kræsingar sem Tónlistarfélag Hvalfjarðarsveitar sá um. Á svæðinu voru einnig hoppukastalar, blöðrur og sælgæti.

Dagurinn var ánægjulegur þar sem sveitungar hittust og áttu góða stund saman. Hvalfjarðarsveit þakkar öllum sem mættu á viðburðinn kærlega fyrir komuna og sendir Tónlistarfélagi Hvalfjarðarsveitar sérstakar þakkir fyrir að skipuleggja og halda utan um hátíðarhöldin með glæsibrag.



Fjallkonan og kór Saurbæjarprestakalls

## VÍKINGURINN Í HVALFJARÐARSVEIT

Í lok júní fór fram á Vesturlandi keppni sterkustu manna landsins, Víkingurinn 2024. Á föstudeginum var keppnin í Hvalfjarðarsveit þar sem keppt var í „Drumbalyftu“ við Hallgrímskirkju í Saurbæ og í „Kast yfir vegg“ á Vinavelli í Melahverfi.

Veðrið lék við keppendur og gesti sem fjölmenntu til að fylgjast með og hvetja keppendur áfram í skemmtilegri og spennandi keppni. Ungir sem aldnir nutu þess að horfa á báðum keppnisstöðum ásamt því að geta leikið á Vinavelli í blíðunni þar sem boðið var upp á ís að keppni lokinni.



# HVALFJARÐARDAGAR

»»» 16.-18. ágúst 2024 «««

Hvalfjarðardagar fóru fram 15. til 18. Ágúst sl., með glæsilegri dagskrá frá fimmtudegi til sunnudags, íbúum og gestum til yndisauka. Fjölbreyttir viðburðir voru víðsvegar um sveitarfélagið og hátíðin vel sótt.

Ungmenna- og íþróttafélag Hvalfjarðarsveitar stóð fyrir Litahlaupi á Vinavelli í Melahverfi á fimmtudeginum þar sem fjöldi þátttakenda baðaði sig í litum og gleði. Áður en hlaupið hófst hitaði Háski stemninguna upp með skemmtilegum lögum og að hlaupi loknu var boðið upp á hressandi Hleðslur í boði MS auk þess sem matarvagn var á staðnum.

Föstudagurinn bauð upp á marga skemmtilega viðburði. Hernámssetrið að Hlöðum var opið, sem og alla helgina. Sveitungagrill var haldið á Vinavelli í Melahverfi þar sem Elkem bauð upp á harmonikkuhljóma með Gunnhildi Vilhjálmsdóttur og trúbardortónleika með Mána Björgvinsyni. Grillaður var góður matur og sykarpúðar, ljúf og góð samverustund. Á föstudagskvöld hélt Eyþór Guðmundsson, fornbókasafnari, áhugaverðan fyrirlestur í Leirárkirkju um Leirárgarða/Beitistaða prentsmiðju.

Á laugardag var þétt dagskrá spennandi viðburða sem hófst við Laxárbakka með afhjúpun á sjötta söguskiltinu og veitinga að afhjúpun lokinni á Hótel Laxárbakka. Melahverfi og Vinavöllur var miðpunktur skemmtunar síðar um daginn, jafnt fyrir unga sem aldna. Þar skemmtu Bolli og Bjalla, Árni Beinteinn og Sýlvía Erla, Hestamannafélagið Dreyri bauð gestum að fara á hestbak og Kvenfélagið Lilja sá um markaðstjald þar sem finna mátti alls kyns listaverk og góðgæti.

Körfuboltasnillingar úr sveitinni sáu um húllumhæ á nýja körfuboltavellinum og í grillhúsinu var pylsupartý í boði SS, kókómjólki í boði MS, drykkurinn Klaki í boði Rolf Johansen & co. auk þess sem boðið var upp á rautt og hvítt krap í anda þemalita hátíðarinnar. Um kvöldið var samkoma í Leirárkirkju þar sem Bjarni Harðarson, bóksali, hélt áhugaverðan fyrirlestur um veldi Stefánunga á meðan þeir sátu á Leirá. Kvöldinu lauk með skemmtilegri kvöldskemmtun á Vinavelli þar sem Andri Ívars, uppistandari og gítarleikari, sá um að halda uppi fjörinu.

Á sunnudeginum hélt hátíðin áfram, opið var á Hernámssetrinu að Hlöðum og frítt var fyrir gesti í sundlaugina að Hlöðum.

Skógræktarfélag Skilmannahrepps bauð upp á vettvangsferð um Álfholtsskóg og listafólk í sveitinni bauð heim og sýndi fjölbreytt verk sín í listarúnti um Hvalfjarðarsveit.



Seinnipart sunnudags fóru fram tónleikar í Hallgrímskirkju í Saurbæ með þýskum stúlknakór, Pfälzische Kurrende, sem flutti m.a. íslensk þjóðlög og kórlög. Deginum lauk með samkomu í Heiðarskóla þar sem fjallað var um 100 ára sögu menningar- og skólastaðarins á Leirá og að samkomu lokinni var boðið var upp á ljúffengar veitingar.

Líkt og undanfarin ár voru viðburðir á hátíðinni skipulagðir og framkvæmdir af einstaklingum, hópum, félagsamtökum og fyrirtækjum og færir sveitarfélagið þeim sérstakar þakkir fyrir. Má þar nefna eigendur jarðarinnar Leirá í Leirársveit, Önnu Leif Auðar Elísdóttir og Ásgeir Kristinsson, Ungmenna- og íþróttafélag Hvalfjarðarsveitar, Skógræktarfélag Skilmannahrepps, Hollvinafélag Hallgrímskirkju í Saurbæ, Hernámssetrið að Hlöðum, Kvenfélagið Lilju og listafólk í sveitinni. Framtök sem þessi sýna hversu kraftmikið og samhent samfélagið í Hvalfjarðarsveit er, þar sem fjöldi fólks er tilbúið að leggja sitt af mörkum til að skapa ógleymanlega upplifun fyrir íbúa og gesti hátíðarinnar.

Kærar þakkir eru færðar til nefndarfólks í Menningar- og markaðsnefnd Hvalfjarðarsveitar sem hélt utan um skipulagningu og framkvæmd Hvalfjarðardaga. Verkefni sem þetta krefst mikils tíma og eljusemi og án framlags nefndarfólks yrði hátíðin ekki að veruleika. Bestu þakkir eru jafnframt færðar til allra styrktaraðila Hvalfjarðardaga fyrir þeirra mikilvæga framlag til hátíðarinnar.

Hvalfjarðarsveit þakkar öllum íbúum og gestum sem komu og tóku þátt í Hvalfjarðardögum kærlega fyrir komuna í sveitarfélagið.





## NÝTT ÍPRÓTTAHÚS VIÐ HEIÐARBORG

Framkvæmdir við fyrsta áfanga nýs íþróttahúss við Heiðarborg eru nú þegar hafnar og ganga vel. Áfangi þessi felur í sér jarðvinnu, uppsteypu, frágang utanhúss og grófjöfnun lóðar. Samningar hafa verið gerðir við K16 ehf. um bygginguna og Eflu hf. um verkefnastjórn, byggingarstjórn og eftirlit. Nú þegar hefur verið sett girðing um framkvæmdasvæðið og gámaeiningar fyrir vinnuástöðu verktaka eru á staðnum. Íbúar eru beðnir um að sýna aðgát og skilning á framkvæmdunum, sem áætlað er að ljúki 1. júlí 2025.

Framkvæmdin er mikilvægur áfangi í innviðaupbyggingu sveitarfélagsins og mun nýja íþróttahúsið nýtast til margra þátta, ekki aðeins íþróttakennslu grunnskólabarna. Markmiðið er að Heiðarborg verði samfélagsmiðstöð sem rúmi skóla-, íþrótt-, frístunda- og félagsstarf fyrir alla aldurshópa. Með nýju íþróttahúsi verður stuðlað að bættri lýðheilsu og heilsueflingu allra íbúa Hvalfjarðarsveitar, auk þess sem það mun styrkja forvarnarstarf í samfélaginu. Heiðarborg verður þannig miðstöð fjölbreyttrar starfsemi sem mun nýtast íbúum og gestum sveitarfélagsins til framtíðar.



## SUMARGAMAN 2024

SumarGaman er frístundastarf á vegum Hvalfjarðarsveitar fyrir börn í 1.–4. bekk.

Það fer fram í 10 daga í júní eftir skólaslit og aftur í 10 daga í ágúst fyrir skólasetningu Heiðarskóla. Verkefnið býður upp á fjölbreytta dagskrá með leikjum, íþróttum, útivist og fleiru, sem gerir börnum kleift að njóta sumarsins í skemmtilegu og uppbyggilegu umhverfi. Börnin fá tækifæri til að styrkja vináttutengsl og hafa gaman saman í öruggu umhverfi.

SumarGaman 2024 heppnaðist vel, góð þátttaka og mikið líf og fjör.



*SumarGaman í Júní*

## SKÓLASETNING HEIÐARSKÓLA

Heiðarskóli var settur í 59. sinn miðvikudaginn 21. ágúst. Nemendur mættu ásamt forráðamönnum á stutta athöfn í sal skólans þar sem m.a. fór fram myndataka af námshópum. Eftir athöfn fóru nemendur með umsjónarkennurum í heimastofur og fengu afhentar stundatöflur vetrarins. Að lokum var boðið upp á kaffi og með því. Kennsla hófst svo samkvæmt stundaskrá fimmtudaginn 22. ágúst.



*Nemendur á unglिंगastigi ásamt starfsfólki unglिंगastigs.*



## FÉLAGSSTARF 60 ÁRA OG ELDRI Í HVALFJARÐARSVEIT

Fyrsta opna hús félagsstarfsins var fimmtudaginn 12. september sl. í félagsheimilinu Miðgarði sl.

Opið hús mun fara fram tvisvar sinnum í mánuði, á fimmtudögum kl. 14:00, frá september fram í maí í félagsheimilinu Miðgarði, nema annað sé auglýst. Umsjón með opnu húsi hafa Krístrún Sigurbjörnsdóttir og Þórey Birna Björnsdóttir.

Öll 60 ára og eldri eru hvött til þátttöku í félagsstarfinu þar sem leitast er við að bjóða upp á fjölbreytt starf ásamt hefðbundnum skemmtunum.



Vatnsleikfimi í Heiðarborg

## VATNSLEIKFIMI 60 ÁRA OG ELDRI Í HVALFJARÐARSVEIT

Vatnsleikfimi 60 ára og eldri fer fram í Heiðarborg alla mánudaga og miðvikudaga frá kl. 10:50 til 11:30 á tímabilinu september 2024 - maí 2025.

Leiðbeinandi er Hanna Þóra Guðbrandsdóttir.

Vatnsleikfimi er skemmtileg leið til líkamsræktar, frábær aðferð til að styrkja vöðva, bæta úthald og auka liðleika. Áhersla er lögð á að hver og einn vinni eftir sinni getu.

Vinsamlegast skráið ykkur í vatnsleikfimi á skrifstofu Hvalfjarðarsveitar í síma 433-8500 eða á netfangið [hvalfjardarsveit@hvalfjardarsveit.is](mailto:hvalfjardarsveit@hvalfjardarsveit.is).

Í boði er að kaupa hádegismat í Heiðarskóla þá daga sem vatnsleikfimin er, skráning nauðsynleg.

Leiðbeinandi verður ekki til staðar eftirtalda daga en frjálst er að mæta í sundlaugina og gera æfingar.  
18., 23. og 25. september 2024.  
14. og 16. október 2024.

## SÉRSTAKUR HÚSNÆÐISSTUÐNINGUR VEGNA 15-17 ÁRA BARNNA

Opið er fyrir umsóknir um húsnæðisstuðning vegna 15-17 ára barna.

Veittur er sérstakur húsnæðisstuðningur til foreldra eða forsjáraðila 15-17 ára barna sem leigja herbergi, eru á heimavist eða á námsgörðum vegna náms fjarri lögheimili. Sérstakur húsnæðisstuðningur er óháður tekjum og eignum foreldra eða forsjáraðila. Reglur um húsnæðisstuðning má sjá [hér](#)

Rafræna umsókn á heimasíðu Hvalfjarðarsveitar má finna [hér](#).

Með umsókninni þurfa að fylgja eftirfarandi gögn.

- 1) Staðfesting á námi barns frá viðkomandi menntastofnun.
- 2) Afrit af húsaleigusamningi.

Nánari upplýsingar veitir félagsmálastjóri Hvalfjarðarsveitar í síma 433-8500 eða á netfanginu [felagsmalastjori@hvalfjardarsveit.is](mailto:felagsmalastjori@hvalfjardarsveit.is)



Sveitarstjórn vill minna á og hvetja alla til að skoða og eftir atvikum nýta ábendingahnappinn inni á heimasíðu sveitarfélagsins. Þar gefst íbúum, landeigendum, frístundahúsaeigendum og öðrum hagsmunaaðilum kostur á að senda inn ábendingu til sveitarstjórnar eða sveitarfélagsins. Ábending getur varðað hvað sem er, þjónustu, úrbætur, hrós eða annað sem viðkomandi vill koma á framfæri.

[Senda ábendingu](#)

Við hlökkum til að heyra frá ykkur.

**Bestu kveðjur**  
sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar